

Punkturinn 3.tbl. 4.árg. 2013 - Fréttabréf um skattamál

Í þessu tölublaði Punktsins, fréttabréfi Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, verður fjallað um dóm Hæstaréttar í máli nr. 555/2012, Toyota á Íslandi ehf. gegn íslenska ríkinu. Þá verður fjallað um dóm Hæstaréttar í máli nr. 585/2012, þar sem ákvörðun um samruna varð ógild þar sem ákvörðun hluthafafundar var tekin með ólögætum hætti.

Í mars og apríl voru fjölmörg lög samþykkt á Alþingi er varða gjaldeyris- og skattamál.

Breytingar voru samþykktar á lögum um gjaldeyrismál er varða gildistíma hafta, eftirlitsheimildir Seðlabankans og fjárhæð stjórnvaldssekta. Þá voru samþykktar breytingar á lögum um tekjuskatt hvað varðar skattlagningu á lágsfattasvæðum, lánsveðsbætur, og undanþágu frá afdráttarsköttum af vöxtum. Breytingar voru jafnframt samþykktar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda hvað varðar starfsmannaleigur. Að auki voru samþykktar breytingar á lögum um virðisaukaskatt er varða skattaftirlit og skil á virðisaukaskatti sem og breytingar vegna starfsemi gagnavera.

Eins og ávallt, þá eru starfsmenn Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte reiðubúnir að veita aðstoð á sviði skatta- og lögfræðimála.

- *Vaxtafrádráttur af skuldum vegna kaupa á hlutabréfum í yfirtökufélagi óheimill í kjölfar öfugs samruna. Sjá nánari umfjöllun á bls. 2*
- *Ákvörðun um samruna ógild þar sem ákvörðun hluthafafundar var tekin með ólögætum hætti. Sjá nánari umfjöllun á bls. 2*
- *Með breytingum á gjaldeyrislögum hefur sérstakur gildistími gjaldeyrishafta verið afnuminn. Þá hafa heimildir Seðlabankans til upplýsingaöflunar í þágu eftirlits verið rýmkaðar til mikilla muna jafnframt því sem fjárhæðamörk stjórnvaldssekta eru hækkuð. Sjá nánari umfjöllun á bls. 2*
- *Hugtakið raunveruleg atvinnustarfsemi í CFC-ákvæði tekjuskattslaganna verður nánar skilgreint í reglugerð. Notendafyrirtæki ber ábyrgð sem launagreiðandi hafi starfsmannaleiga ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu, hvort sem um innlendar eða erlendar starfsmannaleigur er að ræða. Sjá nánari umfjöllun á bls. 3*
- *Samþykkt hefur verið ákvæði til bráðabirgða við tekjuskattslögin um sérstakar lánsveðsvaxtabætur vegna fasteignaveðlana sem tekin voru á tímabilinu 1. janúar 2004 til og með 31. desember 2008. Sjá nánari umfjöllun á bls. 3*
- *Sú breyting hefur verið gerð á tekjuskattslögunum að undanþága hefur verið veitt frá afdráttarskatti af vöxtum vegna skuldabréfa sem eru gefin út í eigin nafni af fjármála fyrirtækjum og orkufyrirtækjum. Sjá nánari umfjöllun á bls. 4*
- *Ríkisskattstjóra er heimilt að fella skattaðila af virðisaukaskattsskrá ef hann hefur sætt áætlun samfelld í tvö uppgjörstímabil eða lengur. Þá er ríkisskattstjóra nú heimilt að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem hefur ekki sinnt tilteknum skyldum samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sjá nánari umfjöllun á bls. 4*
- *Breyting hefur verið gerð á lögum um virðisaukaskatt hvað varðar gagnaver til að bregðast við álitum ESA um að vafi leiki á að tilgreind ákvæði laganna samrýmist reglum EES um ríkisaðstoð. Sjá nánari umfjöllun á bls. 4*



Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 555/2012, Toyota á Íslandi ehf. gegn íslenska ríkinu

Vaxtafrádráttur af skuldum vegna kaupa á hlutabréfum í yfirtökufélagi óheimill í kjölfar öfugs samruna.

Í málinu var deilt um heimild til gjaldfærslu vaxta af skuld í kjölfar svonefnds öfugs samruna (skuldsettri yfirtöku). Málavextir voru þeir að B ehf. keypti allt hlutafé í P hf. en við samruna félaganna var B ehf. skilgreint sem yfirtekið félag en P hf. sem yfirtökufélag. Með samrunanum tók P hf. yfir eigið fé B ehf. og skuld þess félags samkvæmt lánsamningum við L hf. og hlaut hið sameinaða félag nafn T ehf.

Deila aðila laut að því hvort T ehf. hefði verið heimilt að gjaldfæra vexti af fyrrgreindri skuld til frádráttar tekjum í skattframtölum sínum. Með úrskurði ríkisskattstjóra hafði tekju-skattstofn T ehf. verið hækkaður með vísan til þess að félagið hafi ekki haft heimild til slíks frádráttar. T ehf. höfðaði mál á hendur í og krafðist þess aðallega að úrskurðurinn yrði ógiltur en til vara að fellt yrði niður álag á hækkun tekjuskattstofna samkvæmt úrskurðinum.

T ehf. reisti kröfur sínar á vanhæfi starfsmanna ríkisskattstjóra til að fara með sakarefni málsins þar sem yfirmaður eftirlitssviðs ríkisskattstjóra hafði fjallað um öfugan samruna í fréttablaði ríkisskattstjóra. Þeirri málsástæðu var hafnað. Þá var byggt á því að tveggja ára frestur ríkisskattstjóra til endurákvörðunar hafi verið útrunninn þegar hann kvað upp úrskurð sinn. Þeirri málsástæðu var einnig hafnað á þeim forsendum að ekki hefði verið unnt að endurákvörða opinber gjöld T ehf. á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir í skattskilum án þess að ríkisskattstjóri sendi fyrirspurn og aflaði frekari gagna.

Þá taldi T ehf. að skilyrði um samhengi skulda og öflunar tekna í rekstri skv. 1. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga ætti ekki við vaxtagjöld lögaðila heldur væri um skilyrðislausan frádrátt að ræða. Í forsendum Hæstaréttar segir um þessa málsástæðu að lán B ehf. hefðu verið tekin í þágu eiganda þess félags til að greiða þáverandi eigendum P hf. kaupverð alls hlutafjár í því félagi og hefðu þannig ekki verið tekin í þágu T ehf. og væri rekstri þess félags óviðkomandi. Væru því vextir af skuldinni ekki frádráttarbærir.

Þá byggði T ehf. á því að lokamálsliður 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaganna fæli í sér meginreglu gagnvart 54. gr. sömu laga þess efnis að yfirtökufélag við samruna hlutafélaga tæki við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var. Hæstiréttur vísaði til þess að í ljósi markmiða 51.-54. gr. laganna, að ná samlegðaráhrifum og auðvelda félögum skattfrjálsan samruna að uppfylltum skilyrðum þannig að eignaraukning í félögum við þær aðstæður leiddi ekki til skattlagningar tekna, væri ekki fallist á með T ehf. að skýra bæri lokamálslið 51. gr. óháð öðrum ákvæðum laganna, sbr. einkum meginreglu 31. gr. og 49. gr. um samhengi vaxtagjalda af skuldum og rekstrarkostnaðar. Að mati dómsins miðaði sá öfugi samruni sem fólst í samruna B ehf. og P hf. gagnert að því að koma skuldum yfir á yfirtökufélagið og eins og atvikum málsins var háttað hafi skilyrði brostið til að kostnaður sem þeim skuldum fylgdi teldist frádráttarbær rekstrarkostnaður hjá T ehf., enda voru þær skuldir óháðar rekstri félagsins.

Þá var að lokum fjallað um það sjónarmið T ehf. að skýr framkvæmd væri fyrir vaxtafrádrætti við öfugan samruna félaga og að breyting á slíkri framkvæmd með afturvirkum hætti færi gegn skattlagningarheimildum stjórnarskrárinnar og meginreglum stjórnarsýsluréttarins. Því sjónarmiði hafnaði Hæstiréttur á þeim forsendum að skattyfirvöld hafi heimild til að endurákvörða opinber gjöld síðustu sex ára sbr. 96. gr. tekjuskattslaganna. Álitamál gætu risið sem ekki hafi áður þekkt í viðskiptalífínu og væri skattyfirvöldum þá heimilt að taka á þeim eftir því sem þau koma upp í skattframtölum án þess að í því fælist afturvirk skattlagning.

Var íslenska ríkið sýknað af kröfum T ehf.

Dómur Hæstaréttar nr. 585/2012 - Ógilding samruna

Ákvörðun um samruna ógild þar sem ákvörðun hluthafafundar var tekin með ólögmætum hætti.

Í máli þessu var deilt um lögmæti ákvörðana hluthafafunda. Málavextir voru þeir að með samningi 10. maí 2011 seldi V hf. eigin hluti sem jafngiltu 2,5% af heildarhlutafé í félaginu til U ehf., EG og EJ gegn afhendingu hlutafjár í U ehf., sem jafngiltu 28,88% af heildarhlutafé þess félags. Í kaupsamningnum var meðal annars tekið fram að forsendur viðskiptanna

væru að V hf. og U hf. yrðu sameinuð eins fljótt og auðið væri og eigi síðar en 31. desember 2011. Þá var í kaupsamningnum mælt fyrir um að gengi sameiningin ekki eftir hefðu samningsaðilar rétt til að lýsa því yfir að samningurinn væri niður fallinn.

Tillaga um að samþykkja kaupsamninginn var samþykkt á hluthafafundi V hf. 20. maí 2011 og hin seldu hlutabréf í V hf. voru afhent 14. júní sama á ár. Á hluthafafundi V hf. þann 21. september 2011 voru samþykktar tillögur um samruna félagsins og U ehf. og hækkun hlutafjár í V hf. í tengslum við samrunan, þar sem fallið var frá forgangsrétti hluthafa í V hf., til áskriftar að nýju hlutafé. S ehf., K ehf., og G greiddu atkvæði gegn tillögnum. Höfðuðu þessir aðilar mál á hendur V hf., til ógildingar á ákvörðun hluthafafundarins um fyrrgreindar tillögur, einkum með vísan til anmarka á atkvæðagreiðslu fundarins. Báru þeir við að greidd hefðu verið atkvæði í skjóli hlutafjárins sem selt var 10. maí 2011 í andstöðu við 3. mgr. 82. gr. laga um hlutafélög, en reglu þess ákvæðis, um að atkvæðisréttur fylgi ekki eigin hlutum félags, væri ætlað að tryggja minnihlutavernd hluthafa.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að líta yrði svo á að samningur V hf., við U ehf., þann 10. maí 2011 hefði engan annan tilgang haft en að virkja atkvæðisrétt eigin hluta í V hf., og sniðganga þannig það jafnræði og um leið atkvæðavægi sem 3. mgr. 82. gr. laga um hlutafélög væri ætlað að tryggja hluthöfum. Því hafi á hluthafafundi V hf., þann 21. september 2011 borið að líta á þá hluti sem kaupsamningurinn tók til sem eigin hluti V hf. Þá segir í dómi Hæstaréttar að þar sem atkvæði hefðu verið greidd í skjóli þessara hluta yrði að fallast á með S ehf., K ehf., og G að ákvarðanirnar hefðu verið teknar með ólögmætum hætti og sættu þær því ógilding.

Breytingar á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992

Með breytingum á gjaldeyrislögum hefur sérstakur gildistími gjaldeyrishafta verið afnuminn. Þá hafa heimildir Seðlabankans til upplýsingaöflunar í þágu eftirlits verið rýmkaðar til mikilla muna jafnframt því sem fjárhæðamörk stjórnvaldssekta eru hækkuð.

Þann 9. mars samþykkti Alþingi þá breytingu á gjaldeyrislögnum að ekki er lengur afmarkaður gildistími á takmörkunum

fjármagnshreyfinga milli landa og gjaldeyrisviðskiptum. Gildistími hafta var fyrir breytingu 31. desember 2013.

Þá voru þann 26. mars samþykktar ýmsar breytingar á lögum en þær helstu fela í sér hækkun framfærsluheimilda, rýmkun á endurfjárfestingarheimildum, frekari heimildir til gjaldeyrisviðskipta í tengslum við atvinnustarfsemi og rýmkun á heimild til erlendar lántöku. Þá er innlendum aðilum fengin heimild til að kaupa farartæki erlendis til eigin nota innan lands en heimildin er takmörkuð við eitt farartæki á hverju almanaksári fyrir allt að jafnvirði 10 milljónum króna. Viðskiptin eru háð staðfestingu Seðlabankans.

Þá hefur framkvæmd eftirlits með greiðslu vaxta, verðbóta, arðs og samningsbundinna afborganna verið hert. Þá eru heimildir Seðlabankans til upplýsingaöflunar í þágu eftirlits með gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum rýmkaðar mjög. Í breytingunni felst að skýlt er, að viðlögðum dagsektum að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar er varða gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar sem hann telur nauðsynlegar svo hann geti fylgst með því að starfsemi aðila sé samræmi við ákvæði gjaldeyrislaga um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingar varði þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann sem hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit bankans. Þá takmarka lagaákvæði um þagnaskyldu ekki þá skyldu að veita upplýsingar eða aðgang að gögnum.

Jafnframt þessu hafa fjárhæðarmörk stjórnsvaldssekta verið hækkuð til muna.

Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 - skattlagning á lágs-kattasvæðum og starfsmannaleigur

Hugtakið raunveruleg atvinnustarfsemi í CFC-ákvæði tekjuskattlaganna verður nánar skilgreint í reglugerð. Notendafyrirtæki ber ábyrgð sem launagreiðandi hafi starfsmannaleiga ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu, hvort sem um innlendar eða erlendar starfsmannaleigur er að ræða.

Alþingi hefur samþykkt lög um breytingu á lögum um tekjuskatt þar sem brugðist er við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um skattlagningu vegna eignarhalds á lágs-kattasvæðum og staðgreiðslu starfsmannaleiga og notendafyrirtækja á opinberum gjöldum.

Í fyrsta lagi hefur verið gerð breyting á 57. gr. a tekjuskattlaganna sem fjallar um skattlagningu vegna eignarhalds á lágs-kattasvæðum eða hið svokallaða CFC-ákvæði. Meginatriði ákvæðisins eru þau að ef íslenskur skattaðili á eða hefur umráð yfir félagi sem staðsett er á lágs-kattasvæði er við skattlagningu litið svo á að tekjur þessa félags séu í reynd tekjur hins íslenska skattaðila og þær skattlagðar með öðrum tekjum hans. ESA hefur lýst þeirri skoðun sinni í ljósi dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins að hún telji íslenska CFC-ákvæðið vera andstætt staðfesturétti EES-samningsins. Ekki sé þar að finna skilgreiningu á hugtakinu „raunveruleg atvinnustarfsemi“ og skilgreining hugtaksins í greinagerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 6/2009 sé of þröng. Með fyrrgreindu orðalagi í greinagerðinni voru félög sem stunda fjárfestingarstarfsemi útilokuð frá því að geta sýnt fram á að með starfsemi sinni væru þau ekki að reyna að komast hjá skattlagningu. Til að koma til móts við athugasemdir ESA er því nú kveðið á um að ráðherra skuli með reglugerð setja ákvæði um nánari framkvæmd þessarar greinar og meðal annars skilgreina hvað felst í hugtakinu raunveruleg atvinnustarfsemi og fleira.

Þá er gerð sú breyting að sérstaklega er kveðið á um að tap sé eingöngu hægt að færa á móti hagnaði lögaðila á lágs-kattasvæði sem eru í eigu íslenskra félaga eða einstaklinga. Um er að ræða áréttingu og ítarlegri skilgreiningu á reglu sem ákvæðið fól í sér.

Þá hefur verið gerð sú breyting að felld er á brott sú skylda ráðherra til að birta lista yfir þau lönd og svæði sem skattlagning samkvæmt CFC-ákvæðinu tekur til. Í 2. mgr. 57. gr. a tekjuskattlaganna er að finna skilgreiningu á því hvenær ríki eða lögsagnarumdæmi telst vera lágs-kattaríki en það er þegar tekjuskattur af hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar, sem um ræðir, er lægri en tveir þriðju hlutar af þeim tekjuskatti sem hefur verið lagður á félagið, sjóðinn eða stofnunina, hefði hún verið heimilisfóst á Íslandi.

Þá hefur einnig verið gerð breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Það er álit ESA að íslenskar reglur sem kveða á um það að notendafyrirtæki beri ábyrgð sem launagreiðandi, hafi starfsmannaleiga ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu, brjóti í bága við EES-samninginn. Að mati ESA felst í reglunni mismunur þar sem ekki er kveðið á um það í ákvæðinu að það taki jafnt til innlendra sem erlendra starfsmannaleiga með staðfestu í öðru ríki innan EES, öðru EFTA ríki eða Færeyjum. Hefur því verið gerð sú breyting á lögum að nú er kveðið á um í 1. málslíð 4. mgr. 7. gr. laganna að hvort tveggja sé um innlendar og erlendar starfsmannaleigur að ræða í því tilviki er notendafyrirtæki ber ábyrgð sem launagreiðandi, hafi starfsmannaleiga ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu.

Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 - vaxtabætur vegna lánsveða

Samþykkt hefur verið ákvæði til bráðabirgða við tekjuskattslögin um sérstakar lánsveðsvaxtabætur vegna fasteignaveðlana sem tekin voru á tímabilinu 1. janúar 2004 til og með 31. desember 2008.

Alþingi hefur samþykkt nýtt ákvæði til bráðabirgða er varðar vaxtabætur vegna lánsveða. Í ákvæðinu segir að ríkisskattstjóri skuli ákvarða sérstakar vaxtabætur, lánsveðsvaxtabætur, til handa manni sem hefur tekið fasteignaveðlán til kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, sem tryggt er með veði í fasteign í eigu annars einstaklings. Skilyrði er að íbúðarhúsnæði hafi verið í eigu hans á tímabilinu frá og með 1. janúar 2009 til og með 31. desember 2010, um lengri eða skemmri tíma, að eftirstöðvar allra fasteignaveðlana vegna sama húsnæðis hafi þá verið umfram 110% af fasteignarmati og einnig að hann hafi ekki fengið höfuðstól þeirra lána lækkaðan við sölu eða á annan hátt fyrir gildistöku laganna.

Bráðabirgðaákvæðið gildir þó einungis um fasteignaveðlán sem stofnað var til vegna fasteignakaupa sem fóru fram á tímabilinu 1. janúar 2004 til og með 31. desember 2008.

Lánsveðsvaxtabætur skulu nema 2% af mismun á eftirstöðvum allra fasteignaveðlana 31. desember 2010 og 110% af fasteignamati þeirrar fasteignar sem lánið var tekið til kaupa eða byggingar á miðað við sömu dagsetningu.

Hafi íbúðarhúsnæðið verið selt á árunum 2009 og 2010 skal reikna lánsveðsvaxtabætur hlutfallslega í samræmi við samanlagðan eignarhaldstíma á þeim árum og eftirstöðvar fasteignaveðlána og fasteignamat eins og það var við sölu.

Lánsveðsvaxtabætur mega ekki vera hærrí en kr. 160.000 hjá einstaklingi og kr. 280.000 hjá hjónum og sambúðarfólki samkvæmt hjúskaparstöðu 31. desember 2010. Lánsveðsvaxtabætur skerða ekki rétt til annarra vaxtabóta og geta komið til viðbótar þeim.

Sá sem rétt kann að eiga til lánsveðsvaxtabóta skal sækja um þær til ríkisskattstjóra eigi síðar en 15. september 2013 og leggja fram þau gögn sem ríkisskattstjóri telur nauðsynleg til ákvörðunar bótanna. Ákvörðun lánsveðsvaxtabóta skal fara fram eigi síðar en 17. mars 2014. Ríkisskattstjóra er þó heimilt að taka til greina beiðni um lánsveðsvaxtabætur sem berst eftir þetta tímamark í allt að tvö ár.

Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 - afdráttarskattur af vöxtum

Sú breyting hefur verið gerð á tekjuskattlögum að undanþága hefur verið veitt frá afdráttarskatti af vöxtum vegna skuldabréfa sem eru gefin út í eigin nafni af fjármála-fyrirtækjum og orkufyrirtækjum.

Sú breyting hefur verið gerð á lögum um tekjuskatt að undanþága hefur verið veitt frá afdráttarskatti af vöxtum vegna skuldabréfa sem eru gefin út í eigin nafni af fjármála-fyrirtækjum skv. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem og af orkufyrirtækjum sem falla undir lög nr. 50/2005, um skattskyldu orkufyrirtækja. Skilyrði er að skuldabréfin séu skráð hjá verðbréfamiðstöð í aðildarríki OECD, EES eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Enn fremur er sett sem skilyrði fyrir undanþágunni að þeir vextir sem um ræðir séu ekki tilkomnir vegna fjármagnshreyfinga eða gjaldeyrisviðskipta sem tilgreind eru óheimil í ákvæðum 13. gr. b – 13. gr. n laga um gjaldeyrisráðgjafi.

Samkvæmt frumvarpi því sem varð að lögum mun framkvæmdin verða sú útgefandi skuldabréfs sækir um undanþágu til ríkisskattstjóra á afdrætti staðgreiðslu af vaxtagreiðslum af tilteknu skuldabréfi og upplýsir um leið um ISIN-númer bréfsins sem

uppfylla skal undanþáguákvæðið. Undanþágan tekur einungis til aðila með takmarkaða skattskyldu og hagar því ekki skattskyldu þeirra sem bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi.

Undanþágan tekur til vaxta sem eru greiddir eða greiðslukræfir frá og með 15. mars 2013.

Lög um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 - skattaeftirlit, skil á virðisaukaskatti

Ríkisskattstjóra er heimilt að fella skattaðila af virðisaukaskattsskrá ef hann hefur sætt áætlun samfellt í tvö uppgjörstímabil eða lengur. Þá er ríkisskattstjóra nú heimilt að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem hefur ekki sinnt tilteknum skyldum samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Á Alþingi voru á dögunum samþykktar breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem kveða á um að skattaðili sem sætt hefur áætlun samfellt í tvö uppgjörstímabil eða lengur megi fella af virðisaukaskattsskrá. Hefur því sá tími sem Ríkisskattstjóri hefur til að fella skattaðila af skrá verið stytur, en hann var áður tvö ár.

Þá hefur sú breyting verið gerð á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda að ríkisskattstjóra er nú heimilt að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem hefur ekki sinnt tilteknum skyldum samkvæmt lögum. Nánar tiltekið er um að ræða vanrækslu skv. 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 19. gr. í 2. mgr. 15. gr. er kveðið á um að launagreiðendur skuli reikna og halda eftir staðgreiðslu af launum launamanna sinna og skila staðgreiðslu til innheimtuaðila. Í 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um að launagreiðandi skuli ótilkvaddur tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína og óska eftir skráningu á launagreiðendaskrá. Sinni launagreiðandi ekki þessum skyldum sínum yrði eins og fyrr segir heimilt að stöðva starfsemi hans að því gefnu að hann hafi ekki sinnt itrekuðum tilmælum um úrbætur.

Lög um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 - Gagnaver

Breyting hefur verið gerð á lögum um virðisaukaskatt hvað varðar gagnaver til að bregðast við álitum ESA um að vafi leiki á að tilgreind ákvæði laganna samrýmst reglum EES um ríkisaðstoð.

Samþykktar hafa verið breytingar á lögum um virðisaukaskatt á ákvæðum er varða gagnaver. Forsaga breytinganna er sú að með lögum nr. 163/2010 var tveimur ákvæðum bætt við lög um virðisaukaskatt í tengslum við sölu á rafrænni þjónustu og starfsemi gagnavera hér á landi með það að markmiði að bæta samkeppnisstöðu greinarinnar gagnvart erlendum keppinautum. Um var að ræða skilgreiningu í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt þar sem hugtakið „rafrænt afhent þjónusta“ kom í stað orðsins „tölvuþjónusta“. Breytingin var lögð til með vísan til þróunar sem átt hafði sér stað á sviði rafrænna viðskipta og rafrænnar þjónustusölu og með henni var meðal annars tryggt að útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu teldist ekki til skattskyldrar veltu. Hugtakinu var ætlað að afmarka hvað teldist til afhendingar á rafrænni þjónustu, m.a. hjá gagnaverum. Þá kom einnig inn sú breyting að rafrænt afhent þjónusta teldist ávallt nýtt þar sem kaupandi hennar hefði búsetu eða starfsstöð og það sama skyldi gilda um sölu gagnavera á hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir væru erlendis og hefðu ekki fasta starfsstöð hér á landi. Þá var bætt við lögin nýrri grein, 42. gr. A, sem ætlað var að undanþiggja innflutning á netþjónum og tengdum búnaði álagningu virðisaukaskatts þegar innflytjandi teldist ekki vera með eiginlega starfsemi hér á landi.

Eftirlitsstofnun ESA var tilkynnt um framangreindar breytingar til þess að fá staðfest að ekki væri um að ræða tilkynningarskylda ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Haustið 2012 varð ljóst að ESA taldi vafa leika á um að sá hluti breytinganna sem snýr að blandaðri þjónustu annars vegar og innflutningi á netþjónum og tengdum búnaði hins vegar samrýmst reglum EES um ríkisaðstoð þar sem ákvæðin kynnu að teljast sértækar ráðstafanir í skilningi reglnanna.

Lagabreytingin er framkvæmd til að bregðast við álitum ESA um að vafi leiki á að framangreind ákvæði laganna samrýmist reglum EES um ríkisaðstoð. Er nú ákvæðið um undanþágu virðisaukaskatts af sölu gagnavera af hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi fellt á brott. Þá hefur framangreind 42. gr. A. verið afnumin. Þá hefur 3. mgr. 43. gr. laganna verið breytt þannig að ráðherra setur í reglugerð reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna innflutnings erlendra fyrirtækja á vörum auk reglna um kaup á vörum og þjónustu innan lands, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Í frumvarpinu sem varð að lögum er tekið fram að í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna er um að ræða viðtækar undanþágur erlendra fyrirtækja við kaup á þjónustu sem nýtt er erlendis. Gert er ráð fyrir að réttur til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna innflutnings lúti sömu skilyrðum og ferlum og gilda við endurgreiðslu vegna kaupa á vöru og þjónustu hér á landi, sbr. reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt reglugerðinni eru eftirfarandi:

- Að virðisaukaskattur sem umsókn tekur til varði atvinnustarfsemi sem aðili rekur erlendis.
- Að starfsemi hins erlenda fyrirtækis væri skráningarskyld samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ef hún væri rekin hér á landi.
- Að um sé að ræða virðisaukaskatt sem skráður aðili hér á landi gæti talið til innskatts eftir ákvæðum 15. og 16. gr. laga um virðisaukaskatt.

Þá er að lokum gerð sú breyting á lögum að skilgreint er hvað teljist erlent fyrirtæki í skilningi ákvæðisins til að taka af öll tvímæli.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,
sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

Ritstjóri:

Erna Sif Jónsdóttir, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.